



Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2026-2029





Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð bæjarstjórnar	6
2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026-2029	9
2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar	9
Verðlagsforsendur.....	9
Skatttekjur.....	9
Aðrar fasteignatengdar tekjur.....	10
Laun og launatengd gjöld.....	12
Afskriftir	13
Fjármagnsliðir.....	13
Lántaka.....	13
2.2. Fjárfestingaráætlun.....	14
2.3. Lykiltölur fyrir 2026 – 2029	15
Skuldahlutfall	15
Skuldaviðmið.....	15
3. Fjölskyldusvið.....	16
3.1. Innleiðing farsældarlaganna	16
3.2. Félagsþjónusta	16
3.3. Barnavernd.....	17
3.4. Þjónusta við eldra fólk.....	17
3.5. Þjónusta við fatlað fólk	17
4. Fræðslumál	17
4.1. Leikskólar í Vesturbyggð	18
4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð.....	18
4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar	18
5. Æskulýðs- og íþróttamál	19
5.1. Félagsmiðstöðvar	19
5.2. Íþróttamannvirki	19
5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála.....	19
6. Menningar- og safnamál.....	20



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð	20
6.2. Skjaldborgarbíó	20
6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð	20
6.5. Muggstofa á Bíldudal.....	21
6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti.....	21
6.7. Styrkir og framlög.....	21
7. Brunamál og almannavarnir	21
7.1. Slökkvilið	22
8. Umhverfis- og framkvæmdasvið.....	22
8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.	22
8.2. Refa- og minkaeyðing.....	22
8.3. Umhverfismál.....	22
8.4. Þjónustumiðstöðvar/áholdahús.....	23
8.5. Hreinlætismál.....	23
8.6. Framkvæmdir	23
Ofanflóðavarnir	23
Gangstéttar og umferðaröryggi	23
9. Fjármála- og stjórnsýslusvið	24
9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta	24
9.2. Mannauðs- og kjaramál	24
Jafnlaunavottun	24
9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd	25
Upplýsingatæknimál	25
Persónuvernd.....	25
9.4. Upplýsinga- og kynningarmál.....	25
Byggðarmerki	25
Upplýsingastefna.....	26
Heimasíðan – vesturbyggd.is	26
9.5 Atvinnumál.....	27
10. Hafnir Vesturbyggðar	27



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

10.2. Framkvæmdir við hafnamannvirki	27
11.1. Skipulagsmál	28
11.2. Byggingamál og lóðaúthlutanir	28
12. Breytingar á reglugerð um samantekin reikningsskil	28
13. Samantekinn A hluti	30
13.1. Rekstrarreikningur	30
13.2. Efnahagsreikningur	31
13.3. Sjóðstreymi	32
14. Samantekinn A og B hluti	33
14.1. Rekstrarreikningur	33
14.2. Efnahagsreikningur	34
14.3. Sjóðstreymi	35
15. Sundurliðanir 2026	35
15.1. Málaflokkayfirlit 2026	36
15.2. Efnahagsyfirlit 2026.....	37
15.3. Sjóðstreymisyfirlit 2026.....	38
16. Sundurliðanir 2027	39
16.1. Málaflokkayfirlit 2027	39
16.2. Efnahagsyfirlit 2027.....	40
16.3. Sjóðstreymisyfirlit 2027.....	41
17. Sundurliðanir 2028	42
17.1. Málaflokkayfirlit 2028	42
17.2. Efnahagsyfirlit 2028.....	43
17.3. Sjóðstreymisyfirlit 2028.....	44
18. Sundurliðanir 2029	45
18.1. Málaflokkayfirlit 2029	45
18.2. Efnahagsyfirlit 2029.....	46
18.3. Sjóðstreymisyfirlit 2029.....	47
.....	47
19. Gjaldskrár 2026	48



1. Greinargerð bæjarstjórnar

Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun 2026 – 2029 hófst með fimm íbúafundum sem haldnir voru í öllum byggðakjörnum ásamt fundum sem haldnir voru í Krossholtum og í Örlygshöfn. Fundirnir voru vel sóttir og var góð umræða um rekstur sveitarfélagsins og helstu áhersluatriði hvers svæðis. Á fundunum fóru formenn heimastjórna yfir áherslur heimsstjórnanna og fór yfir hlutverk þeirra. Þá var umræða um fjárhagsáætlun 2026 og verkefnin fram undan. Íbúafundirnir voru hugsaðir sem fyrsta formlega skrefið í vinnu heimastjórna við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2026. Heimastjórnirnar unnu svo áfram með það sem fram kom á fundnum og lagði að lokum fram til bæjarstjórnar tillögur sem nýttar voru við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

- Bæjarstjórn Vesturbyggðar staðfesti reglur um fjárhagsáætlunarferlið 2026 vegna áætlunar 2026 – 2029 ásamt drögum að dagsetningum við vinnu fjárhagsáætlunar 28. maí 2026.
- Forstöðumenn og sviðsstjórar vinnubækur, gjaldskrár og launabreytingar til yfirferðar sem skilað var til bæjarstjórnar í september 2026. Heimastjórnir skiluðu til bæjarstjórnar sínum áhersluatriðum.
- Formenn heimastjórna fóru yfir áherslur heimsstjórnanna með bæjarráði í september 2026.
- Fastanefndir sveitarfélagsins ræddu helstu áhersluatriði.
- Bæjarfulltrúar heimsóttu stofnanir sveitarfélagsins þar sem farið var yfir áherslu deildarstjóra og húsnaði.
- Í nóvember 2026 voru vinnufundir aukins bæjarráðs vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2026 – 2029.

Á árinu 2025 hélt sveitarfélagið áfram þeirri miklu vinnu sem fylgir sameiningu tveggja sveitarfélaga. Megináhersla hefur verið á að samræma starfsemi, ferla og þjónustu þannig að ný heild myndaðist, bæði í rekstri og stjórnsýslu. Á árinu var jafnframt lagður fram fyrsti sameiginlegi ársreikningur Vesturbyggðar eftir sameiningu, sem er einn af lykiláföngum í sameiningarferlinu og veitti skýra yfirsýn yfir stöðu og fjárhag sveitarfélagsins í kjölfar sameiningar. Ýmsar áskoranir fylgja sameiningu sveitarfélaga og hefur árið 2025 að einhverju leiti einkennst af því.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar lagði á árinu 2025 áherslu á að vinna að þeirri nauðsynlegu innviðauppyggingu sem er til staðar í sveitarfélaginu þar sem aðaláherslan líkt og verið hefur undanfarin ár var á skóla og aðbúnað barna í sveitarfélaginu. Jafnframt var lögð rík áhersla á að bregðast við athugasemdum sem komið hafa fram við eldvarnareftirlit í byggingum sveitarfélagsins ásamt öðrum öryggismálum. Leitast var við að leggja fjármagn í að koma í veg fyrir mögulegar vatnsskemmdir í byggingum sveitarfélagsins en enn er verið að vinna niður langvarandi innviðaskuld.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Vel tókst til að nýta fjármuni ársins 2025 í þau verkefni sem voru á áætlun. Í þriggja ára áætlun fyrir árin 2027-2029 er mörkuð stefna sveitarfélagsins til framtíðaruppbyggingar í sveitarfélaginu með áherslu á aðbúnað fyrir leik- og grunnskólabörn er áfram rauður þráður í gegnum áætlunina auk gatnaframkvæmda, uppbyggingar hafnamannvirkja og veitukerfa.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir sameiningarframlagi úr jöfnunarsjóði uppá 124 millj.kr. Framlögin renna beint inn í rekstur og er hugsuð til að mæta kostnaði við sameininguna og greiða niður lán. Þar sem lánasafn Vesturbyggðar byggist upp á lántökum frá Lánasjóði sveitarfélaga og eru ekki uppgreiðanlegt er framlagið nýtt til lægri lántöku en annars þyrfti til að standa undir fjárfestingum. Heildarframlög vegna sameiningarinnar eru 827 milljónir og skiptast niður með eftirfarandi hætti.

2024	2025	2026	2027	2029	2029	2030
21%	21%	15%	15%	10%	10%	8%
173.670.000	173.670.000	124.050.000	124.050.000	82.700.000	82.700.000	66.160.000

Heimastjórnirnar funda að jafnaði einu sinni í mánuði að undanskildum júlí og desember. Í aðdraganda fjárhagsáætlunarvinnunnar unnu heimastjórnirnar ítarlegan lista þar sem þær fóru yfir þau verkefni sem þær töldu að bæjarstjórn ætti að leggja áherslu á. Sú vinna kom sér einstaklega vel í vinnu bæjarstjórnar við fjárhagsáætlun og rötuðu mörg þessara verkefna inn í áætlunina og mörg þeirra inn í langtímaáætlun.

Á árinu 2026 er áætlað að heimastjórnirnar standi líkt og á árinu 2025 að íbúafundum á hverju svæði og munu þeir fundir marka upphaf við fjárhagsáætlunarvinnu 2027 – 2030.

Fjárhagsáætlun sú sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir að heildartekjur A- hluta á árinu 2026 verði 2,7 milljarðar króna og að heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnskostnaðar verði um 2,4 milljarður króna. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð um 15,2 millj. kr.

Í samstæðunni í heild sinni er gert ráð fyrir að heildartekjur verði um 3,19 milljarðar króna en heildarútgjöld verði rúmlega 2,7 milljarðar króna fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Afskriftir eru áætlaðar 156 millj. kr. og fjármagnsliðir 206 millj. kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði 80,2 millj. kr.

Lántökur vegna fjárfestinga er eðlilegur hluti af rekstri sveitarfélagsins og í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir 455 millj. kr. í lántöku í samstæðunni í fjárfestingarverkefni næsta árs, þar að auki eru áætlaðar 30 millj. kr. í lán frá Ofanflóðasjóði. Afborganir langtímalána næsta árs eru 323 millj. kr.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Áætlunin ber þess merki að áhersla verði lögð á að auka þjónustu við börn og ungmenni á árinu 2026. Teknir verða upp frístundastyrkir fyrir börn á aldrinum 6 – 18 ára áamt því að gjaldfjálst verður í sund fyrir 18 ára og yngri. Settir verða auknir fjármunir í forvarnarstarf og aðstaða til íþróttaiðkunar bætt. Innleiðing Heillaspora heldur áfram í skólum sveitarfélagsins en verkefnið felst í að innleiða tengslamiðaða, heildræna og áfallamiðaða nálgun í skóla- og frístundastarfi sem byggir á fræðum um taugakerfi, tilfinningaþroska og jákvæð samskipti. Lögð er áhersla á að skapa öruggt og inngildandi umhverfi þar sem nemendur fá þann stuðning sem þeir þurfa til að ná árangri, efla sjálfstraust og mynda traust tengsl. Heillaspor setur skýrar leiðarljós um hlýlegt viðmót, stöðugleika, virðingu fyrir fjölbreytileika og markvissa stuðningsvinnu, og felur í sér breytingu á skólamenningu með aukinni þekkingu og sameiginlegum starfsháttum starfsfólks.

Í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árin 2027-2029 er gert ráð fyrir töluverðum fjárfestingum. Helstu fjárfestingarnar eru í leik- og grunnskólahúsnæði sveitarfélagsins, gatnagerð og hafnarmannvirkjum.

Stærstu fjárfestingar ársins 2026 verða umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir í öllum byggðakjörnum. Skólalóð við Bíldadalsskóla en farið verður í fyrsta áfanga þeirrar framkvæmdar á árinu 2026 þar sem hugað verður sérstaklega að þeim hluta lóðarinnar sem hugsuð er fyrir leikskólabörnin. Ofanflóðaframkvæmdir verða áberandi á Bíldadal á árinu en hafist verður handa við varnarmannvirki ofan byggðarinnar. Haldið verður áfram með snyrtingu á hafnarsvæðinu í Tálknafirði og lagfæringar á skólahúsnæði. Stefnt er að því að hefja niðurrif á Straumnesi á Patreksfirði á árinu en mikil vöntun er á lóðum á hafnarsvæðinu. Áfram verður unnið að því að bæta verbúðina en þar hefur líf verið að færast í starfsemina með útleigu á rýmum fyrir skapandi starfsemi.

Gerðar voru úttektir á bæði Tálknafjarðarskóla og íþróttahúsinu á Tálknafirði á árinu 2025 sem liggja nú fyrir. Brugðist var strax við ábendingum sem sneru að Tálknafjarðarskóla en þeim framkvæmdum mun ljúka árinu 2026. Ljóst er að ráðast þarf í umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir við sundlaug og íþróttahús í Tálknafirði. Farið verður í það allra brýnasta á árinu 2026 en aðrar framkvæmdir við húsið bíða og áætlað er að ráðast í þær framkvæmdir á árunum 2027 -2029.

Langstærsta framkvæmd ársins 2025 var bygging skólahúsnæðis á Bíldadal. Í lok árs 2025 sjáum við fyrir endann á þeirri framkvæmd en gert er ráð fyrir að starfsemin verði flutt í nýtt húsnæði á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.

Unnar hafa verið heildarendurbætur á Brunnum á Patreksfirði og Móatúni á Tálknafirði á árinu 2024, þar sem farið var í að endurnýja lagnir, fráveitu, koma fyrir ljósleiðara ásamt því að efnisskipta öllu burðarlagi í götunum. Á árinu 2026 verður þeim framkvæmdum lokið með malbikun ásamt fleiri malbikunarverkefnum víða um sveitarfélagið.

Fjárhagsáætlun vegna stærri hafnarmannvirkja er unnin í samræmi við samgönguáætlun.



2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026-2029

Hér er fjallað um þær helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2026 – 2029. Útkoma ársins 2025 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun skatttekna.


2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar

Verðlagsforsendur

Í fjárhagsáætluninni er tekið mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

Við gerð áætlunarinnar fyrir árin 2026-2029 var stuðst við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands um þróun verðlags milli hvers árs en áhrifin aðeins reiknuð á rekstrarliði. Þriggja ára áætlunin byggir því á magnbreytingum, fjölgun íbúa um 40 á ári og auknum umsvifum í uppbyggingu og atvinnurekstri. Að öðru leyti er gert ráð fyrir föstu verðlagi á öðrum þáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði. Afskriftir eru reiknaðar m.v. þróun eigna og fjárfestinga.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Skatttekjur

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 2.366 millj. kr. Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar er gerð grein fyrir einstökum liðum skatttekna hér að neðan:

Útsvar

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,97%, sem er leyfilegt hámarksútsvar. Samkvæmt 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er útsvar einn af mikilvægustu tekjustofnum sveitarfélaga. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu þeir sem skattskyldir eru skv. lögum um tekjuskatt nr.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

90/2003 greiða útsvar af tekjum sínum til Vesturbyggðar og fellur það óskipt til sveitarfélagsins. Útsvarið er greitt til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi einstaklingur á lögheimili og er því mikilvægt að þeir sem búa og starfa í Vesturbyggð séu með lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Við áætlun útsvarstekna fyrir árið 2026 er m.a. tekið mið af áætlunum hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga ásamt íbúðapróun í Vesturbyggð. Gert er ráð fyrir 4,2% hækkun launa frá árinu 2026.

Fjárhagsáætlunin 2026 gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 1.277,8 millj. kr. borið saman við 1.232,1 millj.kr. í áætlun ársins 2025, sem stendur í 1.159,7 millj. kr. á árinu 2025 samkvæmt útkomuspá.

Fasteignaskattur og lóðaleiga.

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt Fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júní. Fasteignaskattur verður lækkaður frá fyrra ári og verður 0,50% af fasteignamati og er áætlaður 207,1 millj. kr. en var skv. fjárhagsáætlun 2025 með viðaukum samtals 201,8 millj. kr. Áfram eru veittir afslættir af fasteignaskatti til eldri borgara og öryrkja samkvæmt ákveðnu tekjuviðmiði sem hækkar um 4,2% á milli ára.

Lóðaleiga á íbúðarhúsnæði hækkar frá fyrra ári og verður 2,5% og 3,75% á annað húsnæði.

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda verður óbreyttur.

Aðrar fasteignatengdar tekjur

Vatnsveita

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall vatnsgjalds lækki frá árinu 2025, úr 0,23% í 0,21% á íbúðarhúsnæði og haldist 0,5% af öðru húsnæði. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur vatnsveitna verði 75 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 39,5 millj. kr.

Fráveita

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall fráveitugjalds lækki frá árinu 2025 úr 0,23% á íbúðarhúsnæði í 0,21% og haldist óbreytt á annað húsnæði 0,50%. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur frá fráveitu verði 58,8 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 24,5 millj. kr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er jöfnunarsjóður einn þriggja meginstofna sveitarfélaga og er mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarfélaga. Hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er sameiginlegur sjóður sveitarfélaga sem hefur það meginhlutverk að



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.


jafna tekjur og aðstöðu milli sveitarfélaga um land allt. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlögum frá ríkinu og ákveðnum hluta skatttekna.

Uppbygging sjóðsins skiptist í nokkra lykilkafla, meðal annars:

- Framlög til jöfnunar á tekjustofnum, sem styðja við sveitarfélög með veikari tekjugrundvöll.
- Framlög vegna þjónustu og verkefna, t.d. vegna málefna fatlaðs fólks, málefna barna, innviða og félagsþjónustu.
- Framlög sem styðja við sameiningar sveitarfélaga og aðrar sértækar áskoranir.

Tilgangurinn er að tryggja öllum sveitarfélögum svigrúm til að veita íbúum nauðsynlega þjónustu á sambærilegum grunni, óháð stærð þeirra, landfræðilegri stöðu eða tekjustofnum.

Fjárhagsáætlun 2026 byggir á áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en um 32,1% af tekjum Vesturbyggðar í A hluta koma í gegnum Jöfnunarsjóð. Ekki er hægt að áætla nákvæmlega framlög úr Jöfnunarsjóði, þar sem upplýsingar um áætluð framlög liggja ekki fyrir. Því er árlega litið til þróunar greiðslna úr Jöfnunarsjóði við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samkvæmt útkomuspá ársins 2025 er áætlað að framlög Jöfnunarsjóðs verði 821,7 millj. kr., en við gerð fjárhagsáætlunar 2025 var gert ráð fyrir að framlög sjóðsins yrðu 915,2 millj. kr. Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs til Vesturbyggðar árið 2026 verði kr. 860,1 millj. kr.





Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrá Vesturbyggðar er 3,9%

Gjald fyrir lengda viðveru lækkar um 10% en teknir voru upp skráningardagar í lengdri viðveru við upphaf skólaárs 2025 sambærilegt við það sem er í gildi fyrir leikskólanna.

Opnunartími leikskóla og lengdrar viðveru helst óbreyttur en almennur dvalartími verður til kl. 14 á föstudögum. Hægt verður að skrá börn í lengri tíma gegn gjaldi. Afsláttur af leikskólagjöldum og vegna lengdrar viðveru er tekjutengdur og er veittur 40% afsláttur þeir forráðamönnum með mánaðartekjur undir 795.000,- miðað er við tekjur heimilis.

Laun og launatengd gjöld


Launaáætlun er gerð út frá áætlun stjórnenda og bætt við 4,2% í samræmi við þjóðhagspá. Laun og launatengd gjöld ársins 2026 eru áætluð 1.645 millj. kr. hjá samstæðu A- og B-hluta.

Almennir rekstrarliðir

Samkvæmt áætluninni er annar rekstrarkostnaður fyrir A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar, fyrir utan afskriftir, samtals 1.103 millj. kr. á árinu 2026.

Þróun rekstrarkostnaðar, lífeyrissjóðsskuldbindinga og laun og launatengd gjöld 2024-2029

Þróun rekstrargjalda





Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Afskriftir

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.


Fjármagnsliðir

Í fjárhagsáætluninni er tekið mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

Lántaka

Samkvæmt áætluninni er hluti af fjárfestingum Vesturbyggðar á árinu 2026 fjármagnaður með langtímalánum. Áætlað er að taka ný lán upp á 455 millj.kr. vegna framkvæmda sveitarfélagsins. Afborganir langtímalána á árinu 2026 eru áætlaðar 323 millj. kr. Gert er ráð fyrir að skuldastaða Vesturbyggðar aukist um kr. 132 millj. kr.

Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum





Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

2.2. Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2026 nema samtals 530 millj. kr. Heildar fjárfesting næstu 4 ára nema um 2.065,6 millj. króna.

Fjárfestingaryfirlit				
Fjárfesting				
	Árið 2026	Árið 2027	Árið 2028	Árið 2029
A hluti				
Eignasjóður				
Félagsheimili	1.500	6.750	32.256	20.000
Skólahúsnæði	85.710	103.420	170.000	120.000
Íþróttamannvirki	39.866	73.722	62.000	60.000
Ofanflóðavarnir, varnargarðar - hlutur sveitarfélagsins	30.000	120.000	120.000	120.000
Ofanflóðavarnir - lán til lækkunar á fjárfestingu	-30.000	-120.000	-120.000	-120.000
Slökkvibífreiddar og tæki	0	0	0	70.000
Götur og innviðir	202.177	122.711	71.316	50.000
Tjaldsvæðið	2.300	7.047	23.520	20.000
Aðrar eignir í eignarsjóði	3.200	8.295	5.000	7.626
Áhaldahús/slökkvistöðvar	29.453	750	8.333	20.000
Framlög úr fiskeldissjóði	-100.000	-110.000	-120.000	-130.000
A hluti samtals	264.206	212.695	252.425	237.626
B hluti				
Hafnarsjóður	193.614	143.000	129.000	129.000
Fráveita	29.738	30.000	30.000	30.000
Vatnsveita	31.038	66.000	120.000	120.000
Hitaveita	0	10.000	10.000	10.000
Fasteignir Vesturbyggðar	728	2.450	1.000	1.000
Aðrar eignir í B hluta	11.252	900	0	0
B hluti samtals	266.370	252.350	290.000	290.000
Samantekið - A og B hluti	530.576	465.045	542.425	527.626

Fjárfestingaráætlun Vesturbyggðar árin 2026 – 2029 sýna aðeins stefnumörkun bæjarstjórnar Vesturbyggðar um fyrirhugaðar fjárfestingar en fela ekki í sér ákvörðun.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

2.3. Lykiltölur fyrir 2026 – 2029

Hér að neðan eru tilgreindar afkomutölur og reiknaðar stærðir í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árin 2026-2029.

Lykiltölur	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Breyting tekna milli ára.....		0,5%	7,1%	5,4%	4,2%	5,5%
Breyting gjalda milli ára.....		2,9%	5,5%	5,1%	4,5%	4,6%
Íbúafjöldi 31. desember.....	1.314	1.354	1.394	1.434	1.474	1.514
Rekstrartekjur, þar af.....	2.964.974	2.980.374	3.190.992	3.362.732	3.504.638	3.697.453
Útvar.....	1.127.235	1.125.750	1.240.411	1.327.102	1.420.112	1.518.515
Fasteignaskattur.....	208.153	231.368	254.136	269.511	285.816	303.108
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	824.081	832.765	871.477	894.136	876.489	899.401
Aðrar tekjur.....	805.505	790.491	824.968	871.983	922.221	976.428
Rekstrargjöld.....	2.534.623	2.604.778	2.748.496	2.855.580	2.979.349	3.108.957
Laun og launatengd gjöld.....	1.403.298	1.482.370	1.645.512	1.744.888	1.851.359	1.963.629
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	28.624	90.066	36.236	25.066	25.066	25.066
Annar rekstrarkostnaður.....	1.102.701	1.032.342	1.066.748	1.085.627	1.102.924	1.120.262
Framlög (EBITDA).....	430.350	375.596	442.496	507.152	525.289	588.496
Afskriftir.....	139.605	147.889	156.394	196.135	210.393	228.429
EBIT.....	290.745	227.707	286.102	311.016	314.896	360.067
Veltufé frá rekstri.....	371.973	362.342	378.667	423.526	431.936	483.245
Handbært fé frá rekstri.....	572.903	356.866	373.191	418.049	426.460	477.769
Afborganir.....	251.051	279.148	322.903	363.608	406.039	450.830
Fjárfestingar.....	551.937	697.656	530.578	465.045	542.425	527.626
Vaxtagreiðslur.....	76.992	93.956	103.819	112.532	121.786	133.384
Fjárför ársins (Framlög - vextir, afborganir og fjárfesting).....	(449.630) (	695.164) (	514.805) (	434.033) (	544.961) (	523.344)

Skuldahlutfall

Við útreikning skuldahlutfallsins er tekið tillit til allra skulda og skuldbindinga, þar á meðal langtímaskulda, skuldbindinga vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindinga og skammtímaskulda. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar verði 135,7 % í árslok 2025 en var í árslok 2024 123,%. Skuldahlutfall hefur farið hækkandi vegna mikillar uppbyggingar í innviðum sveitarfélaganna.

Skuldaviðmið


Skuldaviðmið reiknast út frá skuldahlutfalli að teknu tilliti til útreikninga skv. 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012, með síðari breytingum. Skuldaviðmið A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar er áætlað að verði 114,1% í árslok 2025 en var skv. samanteknum ársreikningum 2024, 96,9%. Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið



3. Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið fer með málefni félagsþjónustu, fræðslumál, æskulýðs- og íþróttamál og fleira sem snýr að velferð íbúa í Vesturbyggð. Á sviðinu er veitt ráðgjöf og aðstoð sem lýtur að börnum og ungmennum, eldra fólki og fötluðu fólki. Sviðið sinnir meðal annars fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu á heimili, barnavernd, húsnaðismálum, félagslegri ráðgjöf, málefnum erlendra íbúa og fleira.

3.1. Innleiðing farsældarlaganna

Unnið hefur verið að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í samstarfi fjölskyldusviðs og stofnana sem eru í Vesturbyggð og var í byrjun nóvember var Farsældarráð Vestfjarða formlega stofnað af sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Næsta skref í þeirri vinnu er að fá tilnefningar um fulltrúa frá þeim stofnunum og samtökum sem eiga aðild að ráðinu og hefjast handa við að tryggja farsæld allra barna á Vestfjörðum meðal allra þjónustuveitenda.

Auk farsældarlaganna hafa breytingar á barnaverndarlögum verið innleiddar, meðal annars með stofnun umdæmisráðs landsbyggðanna sem Vesturbyggð er aðili að. Hlutverk þess er meðal annars að úrskurða í íþyngjandi ráðstöfunum barnaverndarþjónustu umdæmisins.

3.2. Félagsþjónusta

Hlutverk félagsþjónustu Vesturbyggðar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa í sveitarfélaginu á grundvelli samhjálpar, sbr. ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Leitast skal við að tryggja íbúum í Vesturbyggð félagslegt öryggi með heildstæðri félagslegri þjónustu. Með skipulagðri félagsþjónustu er lögð áhersla á að réttur íbúa sé ljós og einstaklingum ekki mismunað. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs sinnir verkefnum félagsmálastjóra Vesturbyggðar.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Útgjöld til félagsþjónustu að frádregnum tekjum eru áætluð 135,8 millj. kr. á næsta ári miðað við 131,5 millj. kr. árið 2025.

3.3. Barnavernd

Á árinu 2025 var áfram unnið að innleiðingu breytinga á barnavernd vegna laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Ísafjarðabær varð 1. október 2023 leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu og málefnum fatlaðs fólks samkvæmt samningi milli sveitarfélaga á Vestfjörðum. Barnavernd færðist frá Vesturbyggð til sérhæfðrar velferðarþjónustu á Vestfjörðum samkvæmt samningi sem sveitarfélögin á Vestfjörðum undirrituðu. Verkefni Barnaverndarþjónustu Vestfjarða eru samkvæmt lögum um barnavernd.

3.4. Þjónusta við eldra fólk

Markmið þjónustu við eldra fólk er að það geti eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf og að þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem henti þörfum hvers og eins.

Vesturbyggð tekur þátt í verkefninu Gott að eldast sem er unnið í samvinnu heilbrigðisráðuneytisins og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Markmið verkefnisins er að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum, bæta þjónustuna, og gera hana einfaldari. Sex þróunarverkefni voru valin á landsvísu, þar á meðal á Vestfjörðum. Auk Vesturbyggðar eru Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður í samstarfi ásamt Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Fyrsti samstarfssamningur verkefnisins var gerður milli Vesturbyggðar og HWest á Patreksfirði og er nokkur reynsla komin á samstarfið, vinna stendur yfir við frekari útfærslu.

Félagsstarf fyrir eldra fólk fer nú fram í Laufinu á Barðaströnd, Eyraseli á Patreksfirði, Vindheimum á Tálknafirði og Muggsstofu á Bíldudal.

3.5. Þjónusta við fatlað fólk

Markmið þjónustu við fatlað fólk er að það eigi kost á sem bestri þjónustu á hverjum tíma, til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Í gildi er samningur sveitarfélaganna á Vestfjörðum um veitingu þjónustu til fatlaðra einstaklinga og er Ísafjarðarbær leiðandi sveitarfélag í því verkefni.

Ljóst er að frá yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna hefur hann verið vanfjármagnaður frá ríkinu. Sveitarfélög vinna sameiginlega að því að fjármagn til málaflokksins verði bætt í samræmi við breytt umfang og bæta þjónustu.

4. Fræðslumál

Undir fræðslumál í Vesturbyggð falla málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Heildarútgjöld vegna fræðslumála í Vesturbyggð að frádregnum tekjum eru 1.194 millj. kr. á árinu 2026 samanborið við 1.065 millj. kr. sem áætlað var í fjárhagsáætlun ársins 2025.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Þrír grunnskólar eru reknir í Vesturbyggð; Bíldadalsskóli, Tálknafjarðarskóli og Patreksskóli og í öllum þeirra er boðið upp á frístundastarf að skóla loknum.

Tónlistarskóli Vesturbyggðar þjónar öllum íbúum í Vesturbyggð.

4.1. Leikskólar í Vesturbyggð

Þrír leikskólar eru reknir í Vesturbyggð; Tjarnabrekka á Bíldadal, Vinabær á Tálknafirði og Araklettur á Patreksfirði auk leikskóladeildarinnar Klifs í Patreksskóla en þangað fer, elsti árgangur leikskólabarna bæjarins.

Framlög til leiksskóla verða 301,7 millj. kr. en voru áætluð 301,1 millj. kr. í fjárhagsáætlun 2025. Viðbygging við Leikskólann Araklett var tekin í notkun í upphafi árs 2024. Samtals er pláss fyrir um 60 börn á leikskólanum. Langtímaáætlun í húsnæðismálum Arakletts er í mótun en tillögur hafa verið settar fram af hönnuðum um frekari stækkun. Ekki liggur fyrir hvenær farið verður í frekari breytingar á húsnæði né frekari stækkun.

Leikskólinn Tjarnabrekka verður hluti af nýjum grunn og leikskóla á Bíldadal sem tekin verður í notkun á árinu 2026. Hafist verður handa við skólalóð við Bíldadalsskóla en farið verður í fyrsta áfanga þeirrar framkvæmdar á árinu 2026 þar sem hugað verður sérstaklega að þeim hluta lóðarinnar sem hugsuð er fyrir leikskólabörnin.

4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð

Framlög til grunnskóla Vesturbyggðar verða 651,5 millj. kr. í stað 622,8 millj. kr. á árinu 2025.

Miklar lagfæringar voru á húsnæði Patreksskóla á árinu 2025 og gert ráð fyrir áframhaldandi lagfæringum á árinu 2026 en þó ekki eins umfangsmiklar eins og verið hefur undanfarin ár.

Gerð var úttektir á bæði Tálknafjarðarskóla og íþróttahúsinu á Tálknafirði á árinu 2025 sem liggur nú fyrir. Brugðist var strax við ábendingum sem sneru að Tálknafjarðarskóla en þeim framkvæmdum mun ljúka árinu 2026. Ljóst er að ráðast þarf í umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir við sundlaug og íþróttahús í Tálknafirði. Farið verður í það allra brýnasta á árinu 2026 en aðrar framkvæmdir við húsið bíða og áætlað er að ráðast í þær framkvæmdir á árunum 2027 -2029.

4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framlög til Tónlistarskólans í Vesturbyggð verði 63,2 millj. kr. á árinu 2026. Gjöld vegna tónlistarnáms hækka um 3,9% en gjöld vegna tónlistarnáms í Vesturbyggð eru mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám á Bíldadal, Patreksfirði og Tálknafirði, m.a. í píanó, gítar, rafmagnsgítar, bassa, ukulele, fiðlu, flautu, klarinett, saxófón,



trompet og básúnu. Þá sinnir Tónlistarskólinn einnig forskólakennslu í leikskóladeild Patreksskóla og 1. bekk grunnskólanna og við skólann er starfandi blokkflautusveit.

5. Æskulýðs- og íþróttamál

Framlög til æskulýðs- og íþróttamála er annar stærsti málaflokkur sveitarfélagsins en heildarútgjöld að frádregnum tekjum fyrir árið 2026 munu nema 327,5 millj. kr. samanborið við 337,5 millj. kr. í fjárhagsáætlun 2025. Undir málaflokkinn fellur rekstur íþróttamiðstöðva, sundlauga, félagsmiðstöðva, vinnuskóla og stuðningur við íþróttafélög í Vesturbyggð.

5.1. Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar í Vesturbyggð eru þrjár; Dímon á Bíldudal, Tunglið á Tálknafirði og Vest-End á Patreksfirði. Félagsmiðstöðvarnar hafa starfað 9 mánuði ársins, frá september til maí. Opnanir eru fyrir krakka á miðstigi og elsta stigi grunnskóla.

5.2. Íþróttamannvirki

Vesturbyggð rekur þrjú íþróttahús; Byltu á Bíldudal, íþróttamiðstöðina á Tálknafirði og Bröttuhlíð á Patreksfirði.

Almenn hækkun á gjaldskrá íþróttamiðstöðva er 3,9% og eru íbúar hvattir til að nýta sér þann kost að kaupa tímakort eða árskort sem í boði eru á hagstæðu verði.

Vesturbyggð rekur þrjá íþróttavelli, Völuvöll í Bíldudal, Vatneyrarvöll á Patreksfirði og íþróttavöll í Tálknafirði.

Á árinu 2025 var tekið í notkun nýtt kassakerfi fyrir allar íþróttamiðstöðvar sveitarfélagsins sem talar beint við bókhaldskerfi sveitarfélagsins og auðveldar þannig allt utanumhald um notkun og tekjur íþróttamiðstöðvanna. Unnið er að það að koma upp veskislausn fyrir íþróttamiðstöðvar, sem felst í því að hægt verður að fá staka tíma eða kort í sund eða líkamsrækt í símann. Þessa lausn má svo útfæra frekar þegar reynsla hefur komist á þetta.

5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála

Vesturbyggð rekur íþróttaskóla og nema framlög Vesturbyggðar til skólans samtals 10,1 millj. kr. á árinu 2026. Vesturbyggð styrkir jafnframt íþróttafélögin um húsaleigu í íþróttamannvirkjum ásamt því að veita rekstrarstyrki til íþróttafélaganna. Á árinu 2026 verða teknir upp frístundastyrkir til barna á aldrinum 6 – 18 ára sem nemur 40 þúsund á ári.



6. Menningar- og safnamál

Fjárhagsáætlunin 2026 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld að frátöldum tekjum vegna menningarmála verði 80,7 millj. kr. Menningarmálin eru dreifð eftir einstaka málaflokkum undir fjölskyldusvið og fjármála- og stjórnsýslusvið og umhverfis- og framkvæmdasvið.

6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð

Framlög til bókasafns Vesturbyggðar verða 18,8 millj. kr. Bókasafnið er með starfsstöðvar í Patreksskóla, Tálknafjarðarskóla og í Muggsstofu á Bíldudal. Einn forstöðumaður, með aðsetur á Patreksfirði, heldur utan um innkaup á bókakosti fyrir söfnin. Í boði hefur verið þjónusta fyrir íbúa á Barðaströnd sem geta pantað og nálgast bækur í Birkimel í tengslum við starf eldri borgara. Á árinu 2025 var bókasafnið sem hefur aðsetur í Patreksskóla fært til og er inngangurinn nú þar sem Skor var, uppfyllir það aðgengi fyrir hjólastóla nú að fullu.

6.2. Skjaldborgarbíó

Skjaldborgarbíó er mikilvægur þáttur í menningarlífi Vesturbyggðar. Ástæða er til að þakka Lionsmönnum á Patreksfirði fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt til starfsemi bíósins á þessu ári sem fyrr. Mikið og metnaðarfullt menningarstarf hefur verið í Skjaldborgarbíói á árinu 2025. Þar ber hæst að nefna Skjaldborgarhátíðina sem dregur marga gesti að. Farið var í lagfæringar neyðarútgangi úr bíósalnum en á árinu 2026 verður smíðaður pallur svo útgangurinn þjóni sínum tilgangi að fullu.

6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð

Vesturbyggð rekur fjögur félagsheimili; félagsheimili Patreksfjarðar, Baldurshaga, félagsheimili í íþróttahúsinu í Tálknafirði og Birkimel. Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir óverulegum viðhaldsverkefnum í félagsheimilum. Málefni félagsheimila í Vesturbyggð heyra undir menningar- og ferðamálafulltrúa. Rekstrarkostnaður félagsheimilanna er mjög hár, enda um að ræða stórar byggingar sem komnar eru til ára sinna. Tekjur hafa því miður ekki náð að standa undir rekstri þeirra. Félagsheimilin gegna hins vegar veigamiklu hlutverki í menningarstarfi og félagsstarfsemi innan sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að unnt sé að reka félagsheimilin með þeim hætti að tekjur af þeim standi undir rekstrarkostnaði þeirra. Á árinu 2025 voru teknar upp skráningar í gegnum app til að einfalda utan um hald og auðvelda notendum að nálgast upplýsingar um lausa tím í félagsheimilunum. Við gjaldsskrárbreytingar fyrir 2026 var gjaldskrá fyrir stærri viðburði hækkuð umfram almennar hækkanir og tekið upp staðfestingargjald. Aðildarfélög félagsheimilanna og góðgerðafélög fá afslátt af leigu.

Tekið var í notkun bókunarkerfi fyrir félagsheimilin á haustmánuðum 2025 sem einfaldar allt utanumhald og eykur aðgengi notenda. Kerfið gerir bæði starfsfólki og gestum kleift að bóka rými, búnað og þjónustu á einfaldan og fljótlegan hátt.



Með sjálfvirkum ferlum, áminningum og samþykktarflæði minnkar pappírsvinna og hætta á tvíbókunum hverfur. Notendur sjá rauntímastöðu á lausum rýmum og fá staðfestingu á bókun. Vonast er til þess að bókunarkerfið stuðli að betri nýtingu félagsheimilanna, bættri þjónustu við íbúa og skilvirkari rekstri til framtíðar, einnig hafa forstöðumenn félagsheimilanna betri yfirsýn yfir nýtingu húsanna.

6.5. Muggsstofa á Bíldudal

Muggsstofa hefur fest sig í sessi sem samfélags- og menningarmiðstöð. Í miðstöðinni fer fram starfsemi bókasafnsins og félagsstarfs eldri borgara, rík áhersla er á að efla félagsstarf eldri borgara með fjölgun viðburða, hreyfiúræða o.fl. Eftir lokun skólahúsnæðis Bíldudalsskóla hefur rýmið verið nýtt fyrir starfsemi Bíldudalsskóla.

Forstöðumaður Muggsstofu er jafnframt menningar- og ferðamálafulltrúi Vesturbyggðar og kemur m.a. að ýmsum menningarviðburðum í sveitarfélaginu sem og samstarfi við ferðaþjónustuaðila og Vestfjarðastofu í menningar- og ferðamálum. Hann er einnig starfsmaður starfshóps um undirbúning vegna sólmyrkva 2026. Viðburðir á vegum sveitarfélagsins svo sem 17. júní og tendranir jólatrjáa hafa löngu fest sig í sessi og verða haldnir á árinu. Að auki tekur Vesturbyggð þátt í menningar- og ferðamála viðburðum á vegum annarra, þar má nefna Púkanum, barnamenningarhátíð Vestfjarða og Mannamótum markaðsstofa landshlutanna.

6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti

Framlög Vesturbyggðar til Minjasafns Egils Ólafssonar nema á árinu 2026 22,9 millj. kr. en eftir sameiningu sveitarfélaganna er reksturinn rekinn undir B hluta Vesturbyggðar með framlagi úr A hluta.

6.7. Styrkir og framlög

Menningar- og ferðamálaráð, og síðar bæjarráð eftir sameiningu, veitti 17 styrki til menningar- og ferðamála í Vesturbyggð á árinu 2025 fyrir samtals 2,3 millj.kr. krónur. Af verkefnum sem voru styrkt má nefna útgáfu göngukorts fyrir Bifröst Tálknafirði, leiklist á Patreksfirði, Facon skjöldur og útgáfu árbókar Barðastrandarsýslu.

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir 2,4 milljónum króna í þessa styrki en menningarviðburðir sem haldnir eru árlega hafa verið með fasta styrktar samninga við sveitarfélagið.

7. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna að frátöldum tekjum munu nema 107 millj. kr. á árinu 2026 en voru samkvæmt fjárhagsáætlun 2025 áætluð 102 millj. kr.



7.1. Slökkvilið

Bakvaktir hafa verið greiddar samkvæmt nýju fyrirkomulagi frá lokum ársins 2022 í samræmi við kjarasamninga. Bakvaktarfyrirkomulagið hefur reynst vel en útgjöld jukust nokkuð.

Ný slökkvistöð á Bíldudal var tekin í notkun á árinu 2025 ásamt nýjum slökkvibíl sem reynst hefur mjög vel. Bíllinn leysti 41 árs gamlan bíl af hólmi.

Til málaflokksins eru áætlaðar 94,9 millj. kr. á árinu 2026 en samkvæmt fjárhagsáætlun 2025 með viðaukum voru áætlaðar 88 millj. kr.

8. Umhverfis- og framkvæmdasvið

Meginverkefni umhverfis- og framkvæmdasviðs er yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál sem og umsjón með eignasjóði, þ.m.t. eignum í eigu Fasteigna Vesturbyggðar og Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður. Einnig heyrir undir sviðið umsjón vegna dýrahalds innan sveitarfélagsins sem og meindýravarnir. Þá heyrir þjónustumiðstöðvar/áhaldahús undir sviðið.

8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.

Á árinu 2026 er lagt á öll lönd í Vesturbyggð 2% af landverði allra jarða í samræmi við ákvæði laga um fjallskil, afréttarmálefni o.fl.

8.2. Refa- og minkaeyðing

Á árinu 2025 var unnið í samræmi við samning um refaveiðar sem gerður var við Umhverfisstofnun um refaveiðar. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum, sem og skapa fyrirsjáanleika varðandi endurgreiðslur ríkissjóðs vegna refaveiða innan Vesturbyggðar. Samningurinn gildir til 31. desember 2025. Vesturbyggð hefur komið þeirri skoðun á framfæri við veiðistjóra að endurgreiðsla vegna veiða eru engan veginn nægjanleg til að halda niðri þeim ágangi refs sem verið hefur að aukast síðustu ár. Auglýst var eftir aðilum til grenjaleitar og grenjavinnslu í Vesturbyggð, en nú var um að ræða nýsamþykkt stækkað sveitarfélag, 11 aðilar sóttu um svæði en af þeim skrifuðu 10 undir samning. Vonir standa til að gerður verði nýr samningur vorið 2026 og mun Vesturbyggð nú sem endranær halda áfram að þrýsta á að endurgreiðslur ríkissjóðs verði hækkaðar frá því sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði gerðar á þessum málaflokki á árinu 2026.

8.3. Umhverfismál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna umhverfismála verði 60 millj. kr. á árinu 2026. Mikil áhersla verður lögð á umhverfismál og fegrun umhverfis sveitarfélagsins á árinu 2026.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Verktaki hefur séð um hirðingu og slátt opinna svæða á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Gert er ráð fyrir umtalsverðum malbikunarframkvæmdum á árinu 2026. Haldið verður áfram með gerð gangstétta á Patreksfirði og snyrtingu svæða í þéttbýli. Íbúar og rekstraraðilar eru svo áfram hvattir til að huga vel að umhverfi sínu, görðum og húsum sem og að senda sveitarfélaginu ábendingar um það sem betur má fara.

Heildarkostnaður við umferðar- og samgöngumál er áætlaður 125 millj. kr. á árinu 2026.

8.4. Þjónustumiðstöðvar/áholdahús

Rekin eru þrjú áholdahús í sveitarfélaginu. Góð samvinna hefur skapast milli þjónustumiðstöðvanna, þar sem jafnframt hefur verið leitast við að deildirnar vinni heildstætt að lagfæringum og bótum á umhverfi allra svæða í sveitarfélaginu. Þessi samvinna hefur reynst afskaplega vel. Starfskraftar þjónustumiðstöðva Vesturbyggðar eru svo meira og meira að vinna í góðum samskiptum við hafnir Vesturbyggðar, enda margir snertifletir þar í sameiginlegum verkefnum.

8.5. Hreinlætismál

Samhliða aukinni þjónustu og breytinga í löggjöf um meðhöndlun úrgangs hefur kostnaður við sorphirðu og sorpeyðingu hækkaði til muna á síðustu árum. Vesturbyggð er skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og taka upp kerfið Borgað þegar hent er. Vinna við svæðisáætlun úrgangsmála lauk á árinu 2024 með aðkomu allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Vesturbyggð mun leita leiða til að breyta því hvernig sorphirða og -eyðing fer fram með það að markmiði að lækka kostnað og þar með álögur á íbúa Vesturbyggðar.

Í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð er ekki gert ráð gjaldskrárhækkunum umfram almennar gjaldskrárhækkanir.

8.6. Framkvæmdir

Ofanflóðavarnir

Framkvæmdir við ofanflóðavarnir á Bíldudal hefjast á árinu 2026. Gert er ráð fyrir þvergörðum og grindum fyrir ofan byggðina Bíldudal. Þeir þvergarðar sem gert er ráð fyrir að muni rísa eru frá 4 upp í 14 metrar á hæð og munu geta tekið við aurskriðum, grjóti, snjó og krapaflóðum.

Kostnaður við ofanflóðamannvirki á árinu eru 300 milljónir, hlutur Vesturbyggðar er 10% og lántaka sveitarfélagsins vegna ofanflóðamannvirkja því samtals 30 milljónir.

Gangstéttar og umferðaröryggi

Almennur umferðahraði var á árinu 2025 lækkaður úr 35 km í 30 km hraða á klukkustund.



Á árinu 2025 var áfram unnið við endurnýjun gangstétta í sveitarfélaginu og heldur sú vinna áfram á árinu 2026. Síðustu ár hefur þónokkuð verið unnið í viðhaldi gangstétta ásamt því að leggja nýjar. Einnig hafa bæst við af góðar gönguleiðir í tengslum við ofanflóðavarnir.

9. Fjármála- og stjórnsýslusvið

Meginverkefni sviðsins er almenn þjónusta við íbúa, fyrirtæki og eigin starfsmenn og stofnanir. Umsjón með starfsmanna- og launamálum, skjalastjórnun og -varsla, bókhald, áætlanagerð, innheimta, greiðsla krafna og önnur umsjón fjármála, tölvu- og hugbúnaðarumsýsla og umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins. Undir sviðið falla einnig menningarmál, ferðamál og atvinnumál. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er fjármálastjóri sveitarfélagsins og staðgengill bæjarstjóra.

9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta

Stöðug og regluleg vinna er innan sviðsins við að uppfæra reglubundið reglur og vinnuferla sveitarfélagsins, með það að markmiði að hverju sinni séu endurspegladur þeir starfshættir og stjórnsýsla sem fer fram á vegum Vesturbyggðar.

Unnið hefur verið markvisst að því að auka yfirsýn þeirra mála sem koma til afgreiðslu sveitarfélagsins, en heildarfjöldi erinda sem berast sveitarfélaginu árlega eru um 2000 talsins. Þá var áfram á árinu unnið í flokkun óvirkra skjala, skráningu og pökkun í samræmi við skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins. Við sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar stofnaðist nýtt skjalavistunartímabil. Unnið er að því að pakka og skila þeim skjölum sem tilheyrðu Tálknafjarðarhreppi og fyrrum Vesturbyggð til Þjóðskjalasafns, sú vinna hefur verið í fullum gangi og stefnt er að því að klára skráningu og pökkun á þeim skjölum er tilheyrðu Tálknafjarðarhreppi á árinu 2026 og koma þeim í varanlega varðveislu. Gera má ráð fyrir að einhver skjöl sem tilheyra gömlu hreppunum séu í varðveislu einkaaðila og stemmt er það því að fara í átak við að safna þeim saman þar sem íbúum verður gefinn kostur á að skila inn skjölum, verður það auglýst sérstaklega þegar að því kemur. Stefnt er að því að taka upp rafræn skil gagna.

9.2. Mannauðs- og kjaramál

Jafnlaunavottun

Vesturbyggð hlaut fyrst jafnlaunavottun í september 2020 sem hefur verið endurnýjuð á hverju ári nú síðast á árinu 2025. Jafnlaunavottun staðfestir að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins samræmist kröfum Jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012.



9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd

Upplýsingatæknimál

Á árinu 2023 var tekin upp tvöföld auðkenning þegar starfsmenn sveitarfélagsins tengjast neti utan húss. Þannig var aukið öryggi gagna í eigum sveitarfélagsins og verja sveitarfélagið enn betur fyrir öryggisbrestum og netárásum.

Á árinu 2025 var svo gerður samningur við Syndis um öryggisvöktun fyrir sveitarfélagið og er það liður í því að auka enn frekar öryggi sveitarfélagsins gangvart netárásum og öryggisbrestum.

Unnið er að því að koma kerfum sveitarfélagsins í skýjalausn og gert er ráð fyrir að því verði lokið fyrra hluta árs 2026. Er það gert til þess að tryggja betra rekstraröryggi með aukinni upplýsinga- og gagnavernd, lækka rekstrarkostnað til lengri tíma litið og auðvelda uppfærslur án truflunar á daglegan rekstur. Með því að færa kerfi sveitarfélagsins yfir í skýjalausn verður sveitarfélagið sjálft eigandi að því umhverfi sem hýsir gögnin og þar af leiðandi ekki eins bundin utanaftkomandi þjónustuaðila.

Stafrænt pósthólf

Frá 1. janúar 2025 voru sveitarfélög skyldug til að birta gögn til einstaklinga og lögaðila í stafrænu pósthólf (island.is). Á þetta við um hvers konar gögn sem verða til við meðferð máls hjá sveitarfélaginu, s.s. tilkynningar, ákvarðanir, úrskurði, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar. Þegar er búið að tengja mála/skjala kerfi Vesturbyggðar við island.is. til að verða við þessum lögum.

Unnið er að því að tengja önnur kerfi sveitarfélagsins svo hægt sé einnig að birta t.d. launaseðla og útsenda reikninga.

Persónuvernd

Unnið hefur verið að innleiðingu persónuverndarstefnunnar undanfarin ár og yfirferð á verkferlum og vinnslusamningum vegna söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga staðið yfir. Við nýráðningu starfsfólks er það upplýst um hvernig Vesturbyggð vinnur með þær persónuupplýsingar sem það fær í hendurnar frá þeim. Einnig er hægt að nálgast stefnu Vesturbyggðar í þessum málum á heimasíðu bæjarfélagsins. Mikilvægt er að huga vel að persónuverndarmálefnum á árinu 2026 þar sem þessi málaflokkur stækkar með hverju árinu.

9.4. Upplýsinga- og kynningarmál

Byggðarmerki

Farið var af stað með hönnunarkeppni um nýtt byggðarmerki á árinu, keppnin fór fram í nafnleynd og stóð yfir frá 28 maí til 8 júlí. Alls bárust 56 fjölbreyttar tillögur frá hönnuðum alls staðar af landinu sem endurspegluðu náttúru, menningu og sögu svæðisins. Skipuð var dómnefnd fagfólks sem



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

valdi út tillögum og lagði til við bæjarstjórn sem samþykkti tillöguna á 15. fundi sínum þann 20. ágúst. Fyrir valinu varð merki frá hönnunarstofunni Kolofon.

Hefur merkið verið tekið í notkun á heimasíðu sveitarfélagsins sem og útgefnu efni og unnið er að því að uppfæra merkingar á byggingum og tækjum og mun að taka einhvern tíma.

Upplýsingastefna

